



14. stjórnarfundur LH

13. desember 2019 kl. 18:00 í Skildinganesi 13

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eggert Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson úr varastjórn.

Á símafundi: Stefán Logi Haraldsson.

Einnig sátu fundinn: Berglind Karlsdóttir, Hjörny Snorradóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir starfsmenn skrifstofu.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari úr aðalstjórn, Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Ómar Ingi Ómarsson, Lilja Björk Reynisdóttir og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

- 1. Formaður setti fund og fól Eggerti Hjartarsyni að stýra fundi.**
- 2. Samþykktir fundargerða**
Fundargerð 13. fundar samþykkt.
- 3. Hæfileikamótun LH (VFS)**
Verkefnastjóri afreksmála fór yfir stöðuna á verkefninu.
Afgreiðsla: Samþykkt að vinna eftir þeim ramma sem lagt er upp með.
- 4. Gæðingafiminefnd (HS)**
Nefndin er langt á veg komin með að semja keppnisreglur og leiðara um gæðingafimi. Til að útfæra leiðara nánar þarf að klippa saman myndefni sem sýnir mismunandi útfærslur á æfingum. Sama efni yrði notað fyrir þjálfun dómara. Áætlaður kostnaður við þessa klippivinnu er 25.000 kr. Nefndin fer fram á styrk frá LH til að mæta þessu verkefni. FT mun greiða helminginn af kostnaði.
Afgreiðsla: Samþykkt að kosta vinnu við gerð á myndefni til móts við FT. Nefndin kynni reglur keppnisgreinarinnar fyrir stjórn á næsta fundi.
- 5. Horses of Iceland – fjármögnun verkefnisins (HS)**
Samstarfsaðilar HOI hyggjast senda sameiginlegt bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra-ráðherra með beiðni um að nýta fjármagn sem lofað var en ekki hefur verið nýtt, það myndi tryggja starfsemi HOI til næstu 18 mánaða.
Afgreiðsla: Samþykkt.
- 6. Staða mála í nefndum**
 - a. Tölvunefnd**
 - Ensk þýðingin á Sportfeng er tilbúin og verður sett inn í Sportfeng á næstu dögum.
 - Tölvudeild BÍ hefur bætt við forritara á tölvudeild sem mun starfa að forritun í Sportfeng.
 - Gera þarf nýjan samning við RML í stað gamla samningsins við BÍ.
 - Þrjú fyrirtæki eru í umræðunni um að taka við forritun og þróun á LH-Kappa appinu.



Afgreiðsla: Lagt fram til upplýsingar.

b. Valnefnd

Drög að endurskoðaðri reglugerð valnefndar lögð fram. Farið yfir hvernig önnur sérsambönd standa að vali á íþróttamönnum ársins.

Afgreiðsla: Málið rætt og gerðar athugasemdir við orðalag í reglugerð.

7. Stefnumótunarvinna LH (HS)

Verkefnastjóri kynnti áætlun fyrir stefnumótunarvinnu. Skipa þarf stýrihóp sem verður leiðandi í þessu verkefni.

Afgreiðsla: Verkefnastjóra falið að hafa samband við aðila til að manna stýrihópinn.

8. Uppskeruhátíð LH – uppgjör (BK)

Uppgjör Uppskeruhátíðar lagt fram. Tap af hátíðinni er kr. 569.230 sem skiptist milli LH og FHB þannig að LH greiðir 60% og FHB 40%.

Afgreiðsla: Samþykkt.

9. Íslandsmót (LÁH/ÓÞ)

Staður og dagsetning á Íslandsmóti fullorðinna 2020 liggur ekki fyrir mun skýrast á næstu dögum. Íslandsmót barna og unglinga verður líklega haldið helgina fyrir verslunarmannahelgi hjá Sleipni. Keppnisnefnd leggur til að lágmörk á Íslandsmót verði hækkuð um 0,4 í öllum greinum nema gæðingaskeiði, þar verði lágmarkið hækkað um 0,2.

Afgreiðsla: Málið rætt.

10. FEIF-þing - undirbúningur

Farið var yfir hverjir bjóða sig fram fyrir hönd LH í nefndir FEIF.

Hátíðardagskrá LH fyrir þinggesti verður á föstudagskvöldi.

Afgreiðsla: Samþykkt.

11. Skeiðmet á heimasíðu LH – erindi frá Kristni Hugasyni

Kristinn gerir athugasemdir við skráningu á metum á heimasíðu LH.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að fara yfir skráningu meta í öllum hlaupagreinum. Metin verða svo birt á heimasíðu sambandsins líkt og vera ber samkvæmt samþykktum.

12. Landsmót 2022 – fundur með nýjum formanni og nýrri stjórn Spretts

LÁH skýrði frá fundi LM ehf. með nýrri stjórn Spretts. Stefnt er á undirritun samninga um LM 2022 fyrir lok janúar 2020. Auglýsa þarf LM2024 fyrir áramót.

Afgreiðsla: Sett fram til upplýsingar. Samþykkt að stjórn LM ehf. auglýsi LM 2024 fyrir áramót og umsóknarfrestur verði 1. mars.

13. Íþróttamaður ársins 2019 – hóf í Hörpu 28. desember

ÍSí býður formanni og framkvæmdastjóra ásamt íþróttamanni ársins til hófsins. Tilkynna þarf mætingu í síðasta lagi 15. desember.

Afgreiðsla: Varaformaður mætir, í forföllum formanns, ásamt framkvæmdastjóra.



14. Fundaplan vetrarins

Næstu stjórnarfundir:

10. janúar

21. febrúar

Vinnudagur stjórnar í mars.

15. Önnur mál

- **FEIF-Trainer of the Year**

Menntanefnd LH var falið að tilnefna þjálfara ársins fyrir hönd LH. Menntanefnd tilnefnir Ragnheiði Samúelsdóttur fyrir framlag hennar til hestamennskunnar með því að koma á legg Töltgrúbbu Spretts, sem varð fyrirmynd af öðrum töltgrúbbum sem stofnaðar hafa verið í hestamannafélögum um allt land.

- **Tiltekt í geymslum hjá LH**

Starfsmenn skrifstofu hafa verið að fara í gegnum geymslur LH. Kennir þar ýmissa grasa, m.a. margs sem ekki þótti ástæða til að geyma lengur. Með dyggri aðstoð Eggerts stjórnarmanns, hafa farið á annað tonn af pappír og öðrum varningi í Sorpu.

*Fundi slitið um kl. 20.30
Skildinganesi 13, 13. desember 2019.*